

**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**

04 413

**Ársreikningur 2025**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	6
Skýringar .....	7

**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**Atvinnuvegaráðuneytis**

**kt. 710812-0120**

**Skúlagötu 4, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Verkefnasjóður sjávarútvegsins er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992, og á grundvelli reglna um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum, dags. 21. júlí 2011. Sjóðurinn er í umsjón Atvinnuvegaráðuneytis.

Starfsemin fellur undir málefnavið 13 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 1.939,2 milljónir og afkoma kr. 1.765,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 6.478,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 6.494,7 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráskilögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráskilaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Verkefnasjóðs sjávarútvegsins fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Tekjur</b>			
Aðrar ríkistekjur .....	3	98.855.927	107.162.504
Sala á vöru og þjónustu .....	4	<u>1.840.378.182</u>	<u>1.290.363.390</u>
<b>Tekjur samtals</b>		1.939.234.109	1.397.525.894
<b>Gjöld</b>			
Tilfærslur .....	5	0	359.118.077
Annar rekstrarkostnaður .....	6	<u>173.861.671</u>	<u>25.759.498</u>
<b>Gjöld samtals</b>		173.861.671	384.877.575
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		1.765.372.438	1.012.648.319
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>1.765.372.438</u></u>	<u><u>1.012.648.319</u></u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		1.365.372.438	971.766.396
Fjármagnstilfærslur .....		<u>400.000.000</u>	<u>40.881.923</u>
		<u>1.765.372.438</u>	<u>1.012.648.319</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	7	155.050.560	107.149.487
Skammtímakröfur .....	8	16.584.669	13.922.318
Tengdir aðilar .....	9	6.323.107.646	4.681.270.440
<b>Eignir samtals</b>		<u>6.494.742.875</u>	<u>4.802.342.245</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	10	15.839.867	756.675
Tengdir aðilar .....	9	0	88.055.000
<b>Skuldir samtals</b>		<u>15.839.867</u>	<u>88.811.675</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		6.478.903.008	4.713.530.570
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....		6.478.903.008	4.713.530.570
<b>Eigið fé samtals</b>	11	<u>6.478.903.008</u>	<u>4.713.530.570</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>6.494.742.875</u>	<u>4.802.342.245</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		1.765.372.438	1.012.648.319
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		<u>1.765.372.438</u>	<u>1.012.648.319</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímafröfur .....		(2.662.351)	2.403.205
Tengdir aðilar .....		(1.729.892.206)	(978.102.094)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>15.083.192</u>	<u>(43.891.702)</u>
		(1.717.471.365)	(1.019.590.591)
		<u>47.901.073</u>	<u>(6.942.272)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
		47.901.073	(6.942.272)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		47.901.073	(6.942.272)
Handbært fé í byrjun árs .....		<u>107.149.487</u>	<u>114.091.759</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>155.050.560</u></u>	<u><u>107.149.487</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 .....	(400.000.000)	400.000.000	0
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum .....</b>	<b>(400.000.000)</b>	<b>400.000.000</b>	<b>0</b>
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>(400.000.000)</b>	<b>400.000.000</b>	<b>0</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað) .....	3.472.517.625	1.241.012.945	4.713.530.570
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ..	0	0	0
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>3.072.517.625</b>	<b>1.641.012.945</b>	<b>4.713.530.570</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	1.765.372.438	0	1.765.372.438
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2025 .....</b>	<b>4.837.890.063</b>	<b>1.641.012.945</b>	<b>6.478.903.008</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfanga, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2025 2024

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	(400.000.000)	0	400.000.000	0
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>(400.000.000)</b>	<b>0</b>	<b>400.000.000</b>	<b>0</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	1.765.372.438	0	0	1.765.372.438
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>1.365.372.438</b>	<b>0</b>	<b>400.000.000</b>	<b>1.765.372.438</b>

2025 2024

### 3 Aðrar ríkistekjur

Sektir og skaðabætur .....	98.855.927	107.162.504
	<u>98.855.927</u>	<u>107.162.504</u>

### 4 Sala á vöru og þjónustu

Vörusala II .....	1.840.378.182	1.290.363.390
	<u>1.840.378.182</u>	<u>1.290.363.390</u>

### 5 Tilfærslur

Fjármagnstilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	0	219.963.077
Fjármagnstilfærslur .....	0	139.155.000
	<u>0</u>	<u>359.118.077</u>

### 6 Annar rekstrarkostnaður

Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	2.000	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	2.000	0
Kostnaðarhlutdeild .....	143.259.000	0
Opinber gjöld .....	29.950.006	22.989.254
Tapaðar kröfur .....	650.665	2.770.244
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	173.859.671	25.759.498
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>173.861.671</u>	<u>25.759.498</u>

**31.12.2025 31.12.2024**

### 7 Handbært fé

Innlendar bankainnistæður .....	155.050.560	107.149.487
	<u>155.050.560</u>	<u>107.149.487</u>

## Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
<b>8 Skammtímakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	6.119.536	3.457.185
Skammtímakröfur .....	10.465.133	10.465.133
	<u>16.584.669</u>	<u>13.922.318</u>

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	6.323.107.646	4.681.270.440
Skuldir við tengda aðila .....	0	(88.055.000)
	<u>6.323.107.646</u>	<u>4.593.215.440</u>

### 10 Aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir .....	15.591.490	508.298
Ýmsar skuldir .....	248.377	248.377
	<u>15.839.867</u>	<u>756.675</u>

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2025	31.12.2024
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	4.713.530.570	3.700.882.251
Afkoma ársins .....	1.765.372.438	1.012.648.319
Jöfnuður 31.12. ....	<u>6.478.903.008</u>	<u>4.713.530.570</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.